

Skipulagsstofnun  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2023  
UST202302-007/B.S.  
10.05.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsskyldufyrirspurn - endurnýjun vindmylla í  
þykkvabæ. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 1. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Nýjar vindmyllur verða reistar á undirstöðum vindmylla sem rifnar voru á síðasta ári þar sem þær höfðu staðið í nokkur ár. Fram kemur í greinargerð að nýjar vindmyllur verða nokkuð lægri en þær fyrri og að sveitarstjórn telji að ný mannvirkni séu í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulag.

Hér er um að ræða endurbyggingu mannvirkja nokkuð lægri en fyrri vindmyllur á gömlum undirstöðum. Skipulagsfirvöld telja að vindmyllurnar séu í samræmi við gildandi skipulag og ný mannvirkni kalli ekki á breytingar á skipulagi. Í upphafi voru ekki allir nágrannar mannvirkjanna sáttir við byggingu þeirra og líklegast er svo enn.

Á sínum tíma var fjallað nokkuð ítarlega um áhrif þessara vindmyllla. Umhverfisstofnun telur að mat á umhverfisáhrifum nú mundi litlu skila af nýjum upplýsingum og að ekki sé ástæða til að ætla að nýjar vindmyllur muni hafa önnur og meiri áhrif en fyrri mannvirkni.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,  
**sérfræðingur**

Agnes Þorkelsdóttir,  
**sérfræðingur**